

Fundargerð

303. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 8³⁰–10⁰⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) (fjv) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Kristín E. Axelsdóttir (KEA) vm(BSB) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjv)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Lúðvík Gústafsson (LG) vm. (BGH)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án áritunar.

2. Úrgangsmörkingar.

Farið var yfir á fundinum að FENÚR, Fagrað um endurnýtingu og úrgang, hefur þýtt og staðfært dansk merkingakerfi fyrir flokkun úrgangs. Merkingarnar eru í dag 78 alls og er notkun þeirra valfrjáls og gjaldfrjáls hér á landi.

EM kynnti merkingarnar á fundinum. Markmið með samræmdum merkingum á úrgangsilátum er að auðvelda notendum að flokka eins og til er ætlast og stuðla þannig að hreinni úrgangsstraumum og aukinni endurnotkun og endurvinnslu úrgangs. Einnig munu samræmdar merkingar hjálpa framgangi hringrásarkerfisins

3. Heyrúlluplast.

Lagt var fram á fundinum lögfræðialit sem Jóna Björk Helgadóttir hrl. og Nína Björk Sigurðardóttir hdl. hjá lögfræðistofunni Landslög, unnu fyrir sjóðinn, sbr. samþykkt á fundi stjórnar 4. mars sl. Niðurstaða er sú að hærri greiðslur fyrir úrgang sem fer til innlendrar endurvinnslu en fyrir úrgang sem fer til endurvinnslu á öðru EES svæðinu teljist ríkisstyrkur. Hann þarf að tilkynna sérstaklega til ESA. Einnig að markmið laga um úrvinnslugjald er eingöngu að endurnýta úrgang með sem hagkvæmustum hætti.

Stjórnarmenn fóru yfir álitnið með hliðsjón af starfsemi Úrvinnslusjóðs.

LHG upplýsti að hún muni senda lögfræðialitið til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

ÓK falið að vinna að tillögu að breyttum skilmálum vegna ráðstöfunaraðila.

ÓK falið að koma á fundi með stjórn PNR og stjórn Úrvinnslusjóðs.

4. Raftæki.

Stjórn ákvað í desember 2020, til bráðbirgða, hækkun á endurgjaldi vegna meðhöndlunar á kælitækjum.

Frestað.

5. Starfsskýrslur

Lögð fram á fundinum drög að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs árin 2017-2019.

ÓK fór yfir forsendur og að það sé umhugsunaratriði að fyrir þessi ár liggja ekki fyrir samþykktir ársreikningar í samræmi við ákvæði í lögum um úrvinnslugjald. Umræðu frestað.

6. Stefnumótun.

Farið var yfir bækling um niðurstöðu stefnumótunar stjórnar Úrvinnslusjóðs og hann lagður fram á fundinum. Bæklingurinn verður settur á vefsíðu Úrvinnslusjóðs og sendur umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

7. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 29. apríl 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:00